

# Mótvægisaðgerðir vegna nýrra lífslíka með spá um lækkandi dánartíðni


-Umfjöllun og samanburður á tveimur aðferðum

Arnór Ingi Finnbjörnsson


11. mars 2022

- I. **Áhrif nýrra lífslíka á skuldbindingar og tryggingafræðilega stöðu**
- II. Tvær mismunandi leiðir mótvægisaðgerða
  - A. Óbreyttur 67 ára (eða 70) viðmiðunaráldur
  - B. Stighækkandi viðmiðunaráldur lífeyristöku
- III. Samanburður á aðferðum

Eftirlaunaskuldbindingar hafa ávallt verið vanmetnar. Ekki hægt að hunsa þessa staðreynd.



Life expectancy at birth in years, 1980-2020



**TAFLA I Árlegur lífeyrisréttindi fyrir hvert 10 þús. króna iðgjald**

Aldur	Lífeyrisréttindi	Aldur	Lífeyrisréttindi	Aldur	Lífeyrisréttindi
16	3.108	17	3.004	18	2.882
19	2.739	20	2.602	21	2.474
22	2.354	23	2.243	24	2.138
25	2.041	26	1.950	27	1.865
28	1.787	29	1.714	30	1.646
31	1.582	32	1.525	33	1.471
34	1.421	35	1.375	36	1.332
37	1.293	38	1.257	39	1.223
40	1.193	41	1.164	42	1.138
43	1.115	44	1.093	45	1.072
46	1.053	47	1.035	48	1.018
49	1.002	50	987	51	973
52	961	53	948	54	937
55	925	56	913	57	901
58	889	59	877	60	866
61	853	62	839	63	825
64	810	65	795	66	774

Taka ellilífeyris hefst	Lækkun fyrir hvern mánuð	Aldur	Samtals lækkun
66-67 ára	0,72%	66	8,64%
65-66 ára	0,64%	65	16,32%
64-65 ára	0,57%	64	23,16%
63-64 ára	0,52%	63	29,40%
62-63 ára	0,47%	62	35,04%
61-62 ára	0,42%	61	40,08%
60-61 árs	0,38%	60	44,64%

**TAFLA III Hækkun ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst eftir 67 ára aldur**

Taka ellilífeyris hefst	Hækkun f. hvern mánuð	Aldur	Samtals hækkun
67-68 ára	0,62%	68	7,44%
68-69 ára	0,69%	69	15,72%
69-70 ára	0,78%	70	25,08%
70-71 ára	0,88%	71	35,64%
71-72 ára	1,00%	72	47,64%
72-73 ára	1,15%	73	61,44%
73-74 ára	1,32%	74	77,28%
74-75 ára	1,53%	75	95,64%
75-76 ára	1,78%	76	117,00%
76-77 ára	2,09%	77	142,08%
77-78 ára	2,47%	78	171,72%
78-79 ára	2,94%	79	207,00%
79-80 ára	3,54%	80	249,48%



# Nýjar lífslíkur með framtíðarspá um lækkandi dánartíðni

- Hver árgangur, karla og kvenna, hefur nú sínar lífslíkur (eftirlifendatöflu)
- Áhrifin meiri eftir því sem sjóðfélaginn er yngri
  - > Skuldbindingar þeirra yngri hækka meira en þeirra sem eldri eru. Einskiptisaðgerð
- Grundvallarhugsun mótvægisaðgerða að verðmæti réttindanna haldist óbreytt (eða því sem næst). Lægri fjárhæð greidd í lengri tíma = óbreytt skuldbinding
- **Því ekki skerðing í sama skilningu og t.d. vegna ávöxtunar eigna undir viðmiði**

Karlar	Vænt ævilengd frá 67 ár	Mismunur
Í dag	17,76	
Fár 1950	18,82	1,06
Fár 1970	20,54	2,76
Fár 1990	21,64	3,90

Konur	Vænt ævilengd frá 67 ára	Mismunur
Í dag	19,82	
Fár 1950	20,78	0,96
Fár 1970	22,15	2,33
Fár 1990	23,29	3,47

# Áhrif á tryggingafræðilega stöðu - dæmi

## Eldri (rangar) lífslíkur

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
<b>Eignir samtals</b>	<b>647.200.000</b>	<b>408.000.000</b>	<b>1.055.200.000</b>
Skuldbindingar:			
Ellilífeyrir	432.800.000	310.400.000	743.200.000
Örorkulífeyrir	92.000.000	88.000.000	180.000.000
Makalífeyrir	28.800.000	17.600.000	46.400.000
Barnalífeyrir	800.000	5.600.000	6.400.000
<b>Skuldbindingar samtals</b>	<b>554.400.000</b>	<b>421.600.000</b>	<b>976.000.000</b>
<b>Eignir umfram skuldbindingar</b>	<b>92.800.000</b>	<b>-13.600.000</b>	<b>79.200.000</b>
<b>Í hlutfalli af skuldbindingum</b>	<b>+16,7%</b>	<b>-3,2%</b>	<b>+8,1%</b>

## Lífslíkur með framtíðarspá, réttindi og lífeyristökualdur óbreytt

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
<b>Eignir samtals</b>	<b>647.200.000</b>	<b>410.400.000</b>	<b>1.057.600.000</b>
Skuldbindingar:			
Ellilífeyrir	477.600.000	372.000.000	849.600.000
Örorkulífeyrir	92.800.000	88.800.000	181.600.000
Makalífeyrir	26.400.000	13.600.000	40.000.000
Barnalífeyrir	800.000	4.800.000	5.600.000
<b>Skuldbindingar samtals</b>	<b>597.600.000</b>	<b>479.200.000</b>	<b>1.076.800.000</b>
<b>Eignir umfram skuldbindingar</b>	<b>49.600.000</b>	<b>-68.800.000</b>	<b>-19.200.000</b>
<b>Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok</b>	<b>+8,3%</b>	<b>-14,4%</b>	<b>-1,8%</b>
<b>ÁHRIF nýrra lífslíka:</b>	<b>-8,4%</b>	<b>-11,2%</b>	<b>-9,9%</b>


# Mótvægisaðgerðir – framtíðarstaða

## 1. Framtíðarstaða og réttindataflan

- Augljóst að **lækka þarf réttindatöfluna** þar sem ellilífeyririnn verður nú greiddur lengur skv. reikniverkinu – eða **hækka viðmiðunarludur réttinda** í skrefum. Neikvæð framtíðarstaða upp á 10 – 15% ekki sjálfbær. Nýir sjóðfélagar „græða“ á kostnað núverandi sjóðfélaga þar sem verðmæti nýrra réttinda er umfram verðmæti iðgjaldanna
- > Viðmiðunarludur réttinda er ekki tilmæli um lífeyristökualdur heldur aðeins viðmiðunarludur fyrir útreikning réttinda í kerfunum. Lífeyristakan er frjáls, sjóðfélaginn ræður hvenær taka ellilífeyris hefst (fyrir utan örfáar starfsstéttir t.d. flugmenn)
- Lækkun réttindaávinnslu m.v. óbreyttan viðmiðunarludur og hækkun viðmiðunarludurs í skrefum er því sami hluturinn fyrir sjóðfélagann



# Dæmi um nýja réttindatöflu m.v. 67 ára



Réttindataflan lækkar mest hjá þeim yngstu enda lenging ævinnar er mest hjá ungum


# Mótvægisaðgerðir – áfallin staða

## 2. Áunnin réttindi

- Ein leið væri að gera ekkert varðandi áfallna stöðu eða áunnin réttindi – þ.e. litið á fortíðina sem liðna. Eldri sjóðfélagar væru að taka á sig högg vegna yngri sjóðfélaga. Flestir sammála um að það væri ekki sanngjarnt og standist ekki jafnræðisreglu þar sem þessi innleiðing á lífslíkum hefur mismundandi áhrif eftir árgöngum. Sambærilegir hópar þeir sem eru innan hvers árgangs
- Þarf að gæta meðalhófs, jafnræðis og hlutleysis þegar áunnum réttindum er breytt
- Líkt og með réttindatöfluna er tvær leiðir í boði: **Aldursháð lækkun réttinda** eða **hækka viðmiðunaráldur lífeyristöku** í skrefum. Aðferðirnar gefa *nánast* sömu niðurstöðu fyrir sjóðfélagann.

# Áhrif nýrra lífslíka á áfallnar skuldbindingar

Hækkun áfallinna skuldbindinga eftir fæðingarári sjóðfélaga



Dæmi um hækkun áfallinna skuldbindinga eftir aldri sjóðfélaga m.v. 67 ára viðmiðunaráldur lífeyristöku

- I. Áhrif nýrra lífslíka á skuldbindingar og tryggingafræðilega stöðu
  
- II. Tvær mismunandi leiðir mótvægisáðgerða**
  - A. Óbreyttur 67 ára (eða 70) viðmiðunaráldur
  - B. Stighækkandi viðmiðunaráldur lífeyristöku
  
- III. Samanburður á aðferðum

# Tvær leiðir til að mæta nýjum lífslíkum

## A. Áunnin réttindi ennþá m.v. 67 ára viðmiðunaráldur

- > Réttindataflan lækkar um 10 - 11% að meðaltali – lækkunin meiri hjá þeim yngstu
- > Áunnin réttindi umreiknuð þannig að áfallnar skuldbindingar hvers árgangs haldast óbreyttar. Aldursháð jöfnun áunninna réttinda

## B. Stighækkandi viðmiðunáldur lífeyristöku

- > Aldursháð lækkuð réttinda kemur fram í hærri viðmiðunaráldri
- > Viðmiðunaráldur lífeyristöku tengdur við vænta meðalævi (lífslíkurnar)
- > Engin áhrif á núverandi lífeyrisþega




- II. Tvær mismunandi leiðir mótvægisáðgerða
  - A. Óbreyttur 67 ára (eða 70) viðmiðunaráldur
  - B. Stighækkandi viðmiðunaráldur lífeyristöku

## A. Óbreyttur 67 ára viðmiðunaldur

1. Áfallnar skuldbindingar jafnaðar: Umreikningur á áunnum réttindum. Áunnin réttindi lækkuð háð aldri svo áfallnar skuldbindingar haldist óbreyttar við innleiðingu á nýjum lífslíkum. Eign sjóðfélaga (= áfallnar skuldbindingar sjóðsins) óbreyttar. Áunnin réttindi í árslok 2022 verða ennþá m.v. 67 ára viðmiðunaráldur í réttindabókhalda
2. Ný réttindatafla: Núverandi réttindatafla lækkuð að meðaltali um 10 - 11% til að koma framtíðarstöðunni aftur í jafnvægi

Tryggingafræðileg staða því óbreytt eftir aðgerðina: Lægri fjárhæðir greiddar út yfir lengra tímabil og virði skuldbindinga óbreytt

Til að halda áföllnum skuldbindingum óbreyttum lækka réttindi þeirra yngri meira en þeirra eldri. Eldri sjóðfélagar og lífeyrisþegar taka ekki á sig viðbótarhögg vegna yngri sjóðfélaga




Árgangur	Breyting réttinda
Lþegar og 67+	-4,0%
1960	-7,0%
1970	-9,9%
1980	-11,4%
1990	-12,1%
2000	-12,4%

Eftir jöfnun: Áfallnar skuldbindingar = verðmæti áunninna réttinda (eign sjóðfélaga) óbreytt, hærri lífslíkur en lægri réttindi m.v. 67 ára lífeyristöku

Fæðingarár	Réttindi í úttekt	Réttindi eftir jöfnun (umreikning)	% Breyting	Breyting á verðmæti áfallinna skuldb.
Lífeyrisþegar og 67+	1.000	960	-4,0%	0
1960	1.000	930	-7,0%	0
1970	1.000	901	-9,9%	0
1980	1.000	886	-11,4%	0
1990	1.000	879	-12,1%	0
2000	1.000	876	-12,4%	0

# Dæmi um nýja réttindatöflu m.v. 67 ár



- Ný réttindatafla verður alltaf lægri en núverandi réttindatafla
- Það þýðir lægri framreikningur vegna nýrra örorkulífeyrisþega
- Að einhverju leyti leyst með bráðabirgðaákvæði í samþykktum
- Framreikningur hefur hækkað á undanförunum árum með hækkun iðgjalds úr 12,0% í 15,5%

- Réttindataflan mun lækka í framtíðinni gangi spáin eftir. Um 1,8% kerfisbundin lækkun á 10 ára fresti



# Óbreyttur viðmiðunaráldur - tekið saman

- Óbreyttur viðmiðunaráldur í samþykktum sem gæti talist kostur þar sem viðmiðunaráldurinn er oft rangtúlkaður sem skilaboð um töku ellilífeyris
- Einföld aðgerð sem virkar fyrir alla sjóði, bæði 67 og 70 ára sjóði og sjóði með lögfastan starfslokaaldur
- Algjörlega í samræmi við tölvu- og réttindakerfin eins og þau eru í dag
- Hlutlaus framkvæmd og áhrif nýrra lífslíka núlluð beint út. Tryggingafræðileg staða verður sú sama og með gömlu lífslíkunum
- Ef lífslíkur breytast -> verðmæti skuldbindinga breytist sem og tryggingafræðileg staða, á sama hátt og áður
  
- Réttindin lækka – einnig fyrir verðandi (fram tíðar) örorkulífeyrisþega – en greidd lengur
- Framtíðarstaðan mun versna kerfisbundið sem leiðir til lækkunar á réttindatöflu sem nemur 1,8% á næstu 10 árum, gangi spá um aukið langlífi eftir


- II. Tvær mismunandi leiðir mótvægisaðgerða
  - A. Óbreyttur 67 ára (eða 70) viðmiðunaráldur
  - B. Stighækkandi viðmiðunaráldur lífeyristöku**

## B. Stighækkandi viðmiðunaráldur lífeyristöku – réttindi óbreytt

- Réttindi þeirra sem ekki eru lífeyrisþegar lækkuð í formi hærri viðmiðunaráldurs sem hækkar í skrefum
- Framtíðarréttindi (réttindataflan) og áunnin réttindi **haldast óbreytt** en viðmiðunaráldur réttindanna breytist. **Sjóðfélaginn ræður sjálfur hvenær hann hefur töku ellilífeyris og því er óhjákvæmilega um að ræða lækkun ellilífeyrisréttinda**
- Viðmiðunaráldurinn hækkar úr 67 árum í skrefum upp í 70 ár fyrir árgang 1987. Hæg hækkun eftir það (sjá næstu glæru). Einn tröppugangur sem hugsaður er fyrir alla sjóði
- Tenging milli lífslíka og viðmiðunaráldurs. Ef spá um lækkingu dánartíðni breytist -> viðmiðunaráldurinn breytist og réttindin því komin „á flot“ m.v. óbreyttan lífeyristökualdur sjóðfélagsins. Tryggingafræðileg staða breytist því minna við breytta spá um lífslíkur
- Núverandi lífeyrisþegar standa utan aðgerðarinnar og mun tryggingafræðileg staða sjóðanna veikjast sem því nemur

# Stighækkandi lífeyristökualdur, breyting á áföllnum skb. eftir árgöngum

Stighækkandi viðmiðunaraldur lífeyristöku




Árgangur	Lífeyristöku-aldur	Áhrif á áfallnar skuldbindingar
Lþegar		-0,0%
1960	68 ára	-6,6%
1970	68 + 10 mán	-10,3%
1980	69 + 7 mán	-12,5%
1990	70 + 2 mán	-13,2%
2000	70 + 8 mán	-13,4%

# Stighækkandi viðmiðunaráldur lífeyristöku

- Fjárhæð áunninna réttinda og réttindataflan breytast ekki sem þýðir að örorkuvernd sjóðfélaga helst óbreytt
- Breytilegur viðmiðunaráldur á að koma áföllnum og framtíðarskuldbindingum nánast í fyrra horf – þ.e. núlla út áhrif nýrra lífslíka
- Ef lífslíkur breytast -> stighækkandi viðmiðunaráldur breytist. Það þýðir að sjóðfélagar, þó ekki lífeyrisþegar, munu bera langlífisáhættuna beint
- Allir árgangar héðan í frá verða rétt tæp 20 ár á eftirlaunatímabili skv. líkaninu. Hugsað einnig fyrir TR
- Leið sem almannatryggingar (gegnumstreymiskerfi) hafa farið erlendis enda sanngjarnt að allar kynslóðir fái ellilífeyri frá ríkinu í jafnlangan tíma að meðaltali



# Sama réttindataflan en viðmiðunaráldurinn breytilegur og stighækkandi



# Sighækkandi viðmiðunardur - tekið saman

- Réttindataflan og tryggingafræðileg staða varin fyrir langlífisáhættu. Viðmiðunardurinn hækkar ef lífslíkur hækka. Lífslíkur til framtíðar og viðmiðunardur tengd saman
- Hagur nýrra öryrkja helst óbreyttur við aðgerðina. Ellilífeyrisréttindi lægri sem nemur c.a. 2% í staðinn
- Lífeyrir lífeyrisþega breytist ekkert – á kostnað annarra
- Viðmiðunardur í samræmi við TR (ef TR tekur upp aðferðina)
  
- Nákvæmlega reiknaður viðmiðunardur, upp á mánuð, gæti verið túlkað sem skilaboð um hærri lífeyristökualdur (mögulegar óánægjuraddir frá stéttarfélagum)
- Kerfisbreyting og ný hugsun varðandi réttindakerfið og samþykktir sjóðanna
- Örorkulífeyrir kallast örorkulífeyrir fram til viðmiðunardurs. Lífeyririnn greiddur lengur en áður sem örorkulífeyrir? Sálrænt atriði
- Engar vísbendingar um að raunverulegur lífeyristökualdur sé að hækka hjá sjóðunum? Afhverju þá að hækka viðmiðunardur?

- I. Áhrif nýrra lífslíka á skuldbindingar og tryggingafræðilega stöðu
- II. Tvær mismunandi leiðir mótvægisaðgerða
  - A. Óbreyttur 67 ára (eða 70) viðmiðunaráldur
  - B. Stighækkandi viðmiðunaráldur lífeyristöku

### III. Samanburður á aðferðum

# Báðar aðferðir, helstu atriði

## Leið A. 67 ára leið

- Lífeyrisþegar taka þátt í réttindalækkuninni
- Hagur nýrra öryrkja lækkar vegna 10 – 11% lægri framreiknings og aldursháðrar lækkunar áunninna réttinda. Leyst að einhverju leyti með bráðabirgðaákvæði til að milda áhrifin
- Lækkun réttinda kemur **bæði** niður á elli- og öroklífeyri til framtíðar
- Réttindataflan lækkar kerfisbundið um 1,8% á 10 árum, gangi spáin eftir
- Engin breyting á réttindakerfinu og gengur fyrir alla sjóði. 67 og 70 ára sjóði og sjóði með lögfastan starfslokaaldur sjóðfélaga
- Sömu verðmæti réttindanna: Lægri fjárhæð greidd lengur

## Leið B. Stighækkandi viðmiðunaraldur

- Lífeyrisþegar taka ekki þátt í réttindalækkuninni – á kostnað annarra sjóðfélaga
- Hagur nýrra öryrkja helst óbreyttur en kostar þó 2% í réttindaávinnslu ellilífeyrisréttinda
- Lækkun réttinda nær **einungis** til ellilífeyrisgreiðslna til framtíðar
- Réttindataflan krefst ekki tíðra breytinga
- Gengur ekki fyrir 70 ára sjóði og sjóði með lögfastan starfslokaaldur (t.d. EFÍA)
- Hærri viðmiðunaraldur getur verið rangtúlkaður
- Verið að hækka viðmiðunaraldur þegar raunverulegur lífeyristökualdur er að lækka?

Endir